



AFREKSÍÞRÓTTASJÓÐUR UNGMENNA Í SVEITARFÉLAGINU SKAGAFIRÐI

1. grein

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur árlega til í sjóð allt að kr. 300.000.- sem ætlaður er til að styrkja börn og ungmenni sem skara fram úr í íþróttum.

2. grein

Styrkurinn er ætlaður þeim sem taka þátt í landsliðsverkefnum eða öðru sem jafna má við þátttöku í þeim að mati sérstakrar úthlutunarnefndar, enda hafi slík þátttaka í för með sér veruleg útgjöld þátttakenda og forráðamanna þeirra.

3. grein

Hver einstaklingur getur sótt um styrk að hámarki tvisvar á ári. Styrkupp hæð er kr. 25.000.- fyrir hverja ferð sem farin er.

4. grein

Skilyrði fyrir úthlutun er að umsækjendur eigi lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði og stundi íþrótt sína á vegum aðildarfélaga UMSS. Sé viðkomandi grein ekki stunduð innan aðildarfélaga UMSS skal umsókn metin sérstaklega.

5. grein

Umsókn fylgi staðfesting sérsambands viðkomandi íþróttagreinar á að sérsambandið greiði ekki fyrir ferð eða veiti viðkomandi umtalsverða styrki. Ef slík fyrirgreiðsla sérsambands er fyrir hendi getur ekki komið til úthlutunar úr sjóði þessum.

6. grein

Forstöðumaður frístunda- og íþróttamála ásamt sviðsstjóra afgreiða umsóknir sem uppfylla öll skilyrði. Ef álitamál eru uppi um hvort svo sé er umsókn vísað til úthlutunarnefndar sem skipuð er formanni félags- og tómstundanefndar, forstöðumanni frístunda- og íþróttamála og formanni UMSS.